

Minnisblað 23.01.2013

Viðtakandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Sendandi: Ríkisskattstjóri

Varðar: Aukin eftirlitsúrræði í kjölfar athugasemda til skattaðila og bætt skattskil

51. mál

Ríkisskattstjóri hefur að undanfögnu haft til athugunar hvernig unnt sé að gera skatteftirlit árangursríkara en verið hefur með því að lögfesta ný úrræði þegar skattaðilar sinna ekki athugasemdum frá skattyfirvöldum. Vegna þessa komu starfsmenn fjármálaráðuneytis á fund ríkisskattstjóra 22. janúar 2013. Sömuleiðis ræddi efnahags og viðskiptanefnd Alþingis við ríkisskattstjóra 12. desember 2012 af sama tilefni. Tilefnið er reynslan af sameiginlegu átaki SA, ASÍ og RSK sumarið 2011 og aftur sumarmánuðina 2012, undir heitinu „Leggur þú þitt af mörkum“.

Í þeim vettvangsheimsóknnum, sem fram fóru á ofangreindum árum kom ljóslega fram að mörgu er ábótavant í daglegum rekstri varðandi bókhald, tekjuskráningu, svarta atvinnu o.fl., sem síðar endurspeglast í skattskilum viðkomandi rekstraraðila og launamanna. Í einhverjum tilfellum duga í fyrstu almennar leiðbeiningar og tilmæli um hvernig rétt skuli að málum staðið, en í öðrum tilvikum þarf að kveða fastar að og eftir atvikum að endurákvarða skatta og gjöld á viðkomandi tímabilum.

Þegar svo háttar til að rekstraraðili sé staðinn að alvarlegum formbrotum eða ítrekaðri vanrækslu, þrátt fyrir leiðbeiningar og tilmæli um breytingar á fyrri háttsemi þarf að vera unnt að bregðast við á staðnum með virkum úrræðum á hlutlægum forsendum gagnvart þeim einstaklingi sem ábyrgur er fyrir rekstrinum, hvort heldur starfsemi er rekin á persónulegri ábyrgð rekstraraðila eða í nafni lögaðila með takmarkaða ábyrgð. Leggja verður áherslu á að forvarnargildi slíkra heimilda felst í því að brugðist sé við strax og vanræksla verður uppvís. Um of hefur þess orðið vart að misbrestur sé á að skattaðilar sinni kröfum um úrbætur og haldi í þess stað uppteknum hætti með því að hafa launþega áfram á duldu launum og tekjuskráningu sé ekki komið í lag.

Ríkisskattstjóri hefur vegna framangreindra tilefna tekið saman yfirlit.

I. Úrræði við vettvangsheimsóknir

Dagsektir á forráðamann/forráðamenn vegna neðangreindra tilvika ef leiðbeinandi tilmæli bera ekki árangur.

1. Launagreiðandi (lögaðili) skilar ekki gögnum eða skýrslum. Tiltæk úrræði, áætlun skattstofna, sem virkar í of fáum tilvikum og of seint til að knýja fram breytingar til réttra skila þegar á yfirstandandi tímabili.
2. Lögaðili skilar ekki VSK-skýrslum. Tiltæk úrræði, vanskilagjald og áætlun skattstofna, virka í of fáum tilvikum til að knýja fram og stöðva viðvarandi óásættanlegt ástand.

